



Um leigu á húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands skólans gilda eftirfarandi reglur:

1. Húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands fæst leigt til funda, námskeiða, menningarviðburða og annarra nota sem samrýmast hlutverki skólans svo fremi það trufla ekki skólastarf.
2. Skólameistari metur hvaða starfsemi truflar ekki starfsemi skólans og samrýmist hlutverki hans.
3. Samkomum í húsnæði skólans skal lokið fyrir klukkan 24.
4. Sala áfengis og neysla þess er óheimil í húsnæði skólans. Einnig er óheimilt að neyta tóbaks og annarra fíkni- eða vímuefna í skólanum og á lóð hans.
5. Leigugjald er:

Fyrir venjulega kennslustofu í klukkustund	5.000 kr.
Fyrir tölvustofu í klukkustund	10.000 kr.
Fyrir verkstæði í klukkustund	15.000 kr.
Fyrir sal skólans í 5 klukkustundir eða skemmri tíma	50.000 kr.
Fyrir sal skólans í einn dag (milli klukkan 8 og 24)	100.000 kr.
6. Málm-, tré- og rafiðnaverkstæði eru aðeins leigð í samráði við kennara sem annast umsjón með þeim og aðeins til iðnaðarmanna. Leigutaki getur þurft að borga laun vegna viðveru starfsmanns skólans til viðbótar við leigu.
7. Eldhús er aðeins leigt í samráði við forstöðumann mötuneytis. Leigutaki getur þurft að borga laun vegna viðveru starfsmanns skólans til viðbótar við leigu.
8. Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á húsnæði og búnaði sem hann leigir og þar með skaðabótaskyldur verði hann sjálfur, starfsmenn hans eða gestir valdir að skemmdum.
9. Undanþágur frá þessum reglum verða aðeins veittar með samkomulagi við skólameistara.

5. mars 2014

Atli Harðarson skólameistari